# 2 Svefnherbergi Íbúð in Playa Flamenca

Ref: A355

**Húsið er Selt**








**Tegund eignar :** Íbúð

**Bæjarfélag / Hverfi :** Playa Flamenca

**!zona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 2

**Baðherbergi :** 2

**Byggingarár :** 2024

**Sundlaug :** Í sameign

**Garður :** Í sameign

**Eignin snýr :** til suðurs

**Útsýni :** Yfir sundlaugarsvæði og garð

**Bílastæði :** Bílastæðakjallari

| | |
|---|---|
| **Fermetra stærð eignar :** | 75,88 m² |
| **Stærð verandar :** | 22,09 m² |
| **Flugvöllur :** | 40 min |
| **Strönd :** | 2 min |
| **Borg :** | 3 min |
| **Golf :** | 8 min |

- ✓ Hiti í gólfi
- ✓ Verönd
- ✓ Loftkæling
- ✓ Sána
- ✓ Heimilistæki
- ✓ Lyfta
- ✓ Húsgögn fylgja með

Perla Investments kynnir nýjar lúxus íbúðir á Playa Flamenca, í göngufæri frá glæsilegu Costa Blanca ströndinni. Íbúðin sem um ræðir er 75,88m2, með 2 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum og hita í gólfi. Úr íbúðinni er gengið út á glæsilegar rúmgóðar svalir með útsýni yfir fallegan suðrænan afgirtan sameiginlegan garð, en í honum er m.a. að finna stóra sundlaug og leiksvæði fyrir börn. Í garðinum er tilvalið til að njóta sólarinnar sem skín í allt að 300 daga á ári nú eða hina glæsilegu líkamsræktaraðstöðu sem allir eigendur hafa aðgang að í sameign þar sem m.a. er hægt að slaka á í gufubaði eftir langan dag.
Öllum íbúðum fylgir að sjálfsögðu sérbílastæði í bílakjallara. Íbúðin skilast fullbúin með húsgögnum og heimilistækjum svo það eina sem þarf að koma með eru sundföt og góða skapið.
Hér ertu eins nálægt allri þjónustu og hugsast getur með matvöruverslanir, apótek og úrval veitingastaða í göngufæri. Golf áhugafólk er aðeins 8 mínútur að komast á næsta golfvöll í Villamartín og verslunarmiðstöðin Zenia Boulevard er í aðeins 5 mínútna gönguferð að heiman.
Þessi eign er jafnframt tilvalin fyrir strandunnendur sem geta grafið tásurnar í fínum sandinum eða skellt sér til sunds innan nokkurra mínútna frá því að þeir loka útidyrahurðinni. Í þessari fallegu íbúðarbyggingu bjóðum við upp á úrval eigna þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
Þessi eign er frábærlega staðsett hvort sem er til langtíma eða skammtíma dvalar.
Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!